

Rek. Rek. 14/2019/2019/kultur D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1809/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um **Breyttar reglur um námslán og námsstyrki – Tilmæli 14/2019**

### Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svarið og álíti tilmæli 14/2019 um *breyttar reglur um námslán og námsstyrki endanlega afgreidd* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

*Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Svíþjóðar*

að Centrala Studiestödsnämnden [„Námslána- og námsstyrkjanevnd“] verði veitt umboð til að breyta gildandi reglum á þann hátt að sænskir námsmenn geti sótt um námslán og námsstyrki vegna lýðskólanáms í Noregi og Danmörku.

### Svar frá ríkisstjórn Svíþjóðar

Í Svíþjóð er meira en aldarlöng hefð fyrir starfrækslu lýðskóla og símenntunarstöðva með alþýðufræðslu að markmiði. Sænskum stjórnvöldum er mikilvægt að geta átt samstarf við hreyfingar sem annast alþýðufræðslu um að takast á við erfið úrlausnarefni í samfélaginu, til að mynda þau að ýta undir virka samfélagsþátttöku, fjölga tækifærum til að afla sér menntunar eða skipta um starfsvettvang á miðri ævi, gera þeim sem nýlega hafa flust til landsins kleift að koma undir sig fótunum í vinnu og samfélagi sem og að halda uppi auðugu menningarlífi fyrir alla íbúa landsins. Samstarf norrænu ríkjanna um alþýðufræðslu og samgangur þeirra í milli á því sviði er mikilvægur þáttur í því að byggja alþýðufræðslu enn frekar upp og efla hlutverk hennar í samfélaginu. Veigamikill þáttur í því samstarfi er að gera lýðskólafólki kleift að stunda nám og störf í lýðskólum annars staðar á Norðurlöndum.

Í Svíþjóð er starfrækt námslána- og námsstyrkjakerfi sem veitir ríflega styrki til náms erlendis og gerir mörgum námsmönnum kleift að sækja sér menntun utan landsins. Þar er á ferðinni öflugt verkfæri til að auka möguleika til náms í öðrum löndum. Hinn 1. júlí 2015 öðluðust gildi nýjar reglur sem settar voru með það að markmiði að auka samræmi og skilvirkni kerfisins að því er varðar námslán og námsstyrki vegna náms erlendis (sjá [lagafrumvarpið] prop. 2012/13:152 – Studiemedel i en globaliserad värld). Þessi endurskoðun kerfisins árið 2015 hafði þó afleiðingar sem ekki hafði verið



stefnt að því að í kjölfar hennar var námsmönnum meðal annars neitað um námslán og námsstyrki vegna náms á sumum brautum lýðskóla á Norðurlöndum sem lýkur ekki með prófgráðu. Skilyrðið um prófgráðu var að finna í reglum sem settar höfðu verið á vegum Centrala studiestödsnämnden (CSN). Ríkisstjórnin felldi þær reglur úr gildi fyrir skömmu og heimilaði með reglugerðarbreytingu, sem öðlaðist gildi 1. febrúar 2020, að veita í vissum tilvikum námslán og námsstyrki vegna náms sem stundað er erlendis og lýkur ekki með prófgráðu. Heimilt er að veita námslán og námsstyrki vegna náms sem lýkur ekki með prófgráðu ef ástæðan fyrir þeirri tilhögun er í meginatriðum hin sama og í sambærilegu námi í Svíþjóð sem veitir rétt til námslána og námsstyrkja (sjá 22. gr. a í 3. kafla reglugerðar um námslán og námsstyrki [2000:655]). Þannig háttar til á ýmsum námsbrautum sænskra lýðskóla.

*Ríkisstjórnin telur því að orðið hafi verið við tilmælunum.*

#### **Álit nefndarinnar**

Nefndin þakkar fyrir þær gleðilegu upplýsingar að sænska ríkisstjórnin hafi breytt reglugerðinni og bætt hefði verið inn möguleika á að veita námsstyrki í sumum tilvikum við nám erlendis þar sem ekki er gefinn kostur á prófi, en það mun gagnast sænskum námsmönnum í lýðháskólum sem vilja stunda nám í lýðháskólum í öðru norrænu ríki.

Nefndin leggur því til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og litið verði svo á að afgreiðslu þess sé lokið af hálfu ráðsins.

Norðurlöndum, 27. apríl 2020

*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Ann-Sofie Alm (M)*  
*Camilla Gunell (ÅSD)*  
*Heidi Viljanen (sd)*  
*Henrik Møller (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Jouni Ovaska (cent)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*Marianne Synnes Emblemvåg (H),*  
*Noregi*  
*Mikko Kinnunen (cent)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Riikka Purra (saf)*